

**Alþingi**  
**Erindi nr. Þ 140/2142**  
**komudagur 8.5.2012**

Nefndarsvið Alþingis  
Atvinnuveganefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík



Reykjavík 8. maí 2012

**Umsögn um þingsályktunartillögu um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, 727. mál**

Samtök ferðaþjónustunnar hafa farið yfir ofangreinda þingsályktunartillögu og gera eftirfarandi athugasemdir.

Í umsögn SAF um drög að þingsályktunartillögu um vernd og orkunýtingu landsvæða var því fagnað að niðurstaða hefði náðst um flokkun virkjanakosta og lýstu þau einnig ánægju yfir faglegum vinnubrögðum sem viðhöfð höfðu verið við flokkunina þar sem greinilega hafði verið tekið tillit til þátta er snerta nýtingu á landsvæðum og náttúruvernd.

Í umsögninni var bent á að Samtök ferðaþjónustunnar teldu að víða gætu ferðaþjónusta og orkuvinnsla farið vel saman. Þó verði að gæta að því að yfir 80 prósent erlendra ferðamanna sækja Ísland heim vegna óspilltrar náttúru. Því er mjög mikilvægt að halda landslagsheildum óröskuðum og viðhalda þannig þeim samkeppnisgrundvelli sem íslenska náttúran er, ásamt möguleikum á áframhaldandi þróun Íslands sem ferðamannalands.

SAF lýsa yfir ánægju sinni með að virkjanakostir á Torfajökulssvæðinu og virkjun á Bitrusvæði séu í verndarflokki. Torfajökulssvæði er talið jarðfræðilega einstakt á heimsvísu og hafa SAF lengi barist fyrir því að Torfajökulssvæðið yrði friðað enda nauðsynlegt að standa vörð um þá náttúruverlu sem hálendi Íslands er. Óspillt náttúra Bitrusvæðisins er gríðarlega mikilvæg ferðaþjónusta á höfuðborgarsvæðinu. Svæðið hentar einkar vel fyrir sívaxandi fjölda ráðstefnugesta, sem oft hafa takmarkaðan tíma til afþreyingar, en komast þó á skömmum tíma í þá náttúrufegurð sem Bitrusvæðið býður upp á. SAF benda þó á að þrátt fyrir ánægju með verndun Bitrusvæðisins muni virkjanir í Innstadal, Þverárdal og Ölfusdal raska fegurð Bitrusvæðisins og leggja samtökin til að þessi svæði verði öll vernduð.

Hvað varðar einstaka virkjanakosti vilja Samtök ferðaþjónustunnar benda á að virkjanagerð fylgir aukin lagning rafstrengja, sem eyðileggur möguleika fólks á að njóta viðernis á stórum svæðum, en eins og komið hefur fram kemur stór hluti erlendra ferðamanna til Íslands vegna þeirrar náttúru og þess viðernis sem landið hefur upp á að bjóða. Samtökin fagna því að Skrokkölduvirkjun og Hágönguvirkjanir 1 og 2 séu settar í biðflokk en þessir virkjanakostir ættu þó að vera í verndarflokki enda við það stærsta þjóðgarðs Evrópu og ferðamenn geta í dag notið viðernis á stórum hluta þessa svæðis.

***Samtök ferðaþjónustu leggjast gegn virkjun á Sveifluhálsi og telja að svæðið væri betur nýtt sem Reykjanes Geopark til framtíðar en slíkur garður er nú í bígerð á svæðinu. Svæðið hefur verið mjög vinsælt í gegnum árin og má reikna með að gestir á Krísvíkursvæðinu séu nú yfir hundrað þúsund á ári. Með aukinni eflingu innviða á svæðinu, eins og Suðurstrandavegi og vegi um Ósaboтна, má reikna með að ásókn ferðamanna í svæðið verði mun meiri í framtíðinni og benda SAF á að eins og fram hefur komið séu miklar líkur á að verðmæti nærsvæða Reykjavíkur aukist mikið hvað varðar ferðaþjónustu á næstu árum.***

Virkjanahugmyndir sem nú eru settar í biðflokk eru margar á gríðarlega mikilvægu svæði fyrir ferðaþjónustu þ.á.m. Búlandsvirkjun og Hólmsárvirkjanir og Hverfisfljót sem samtökin leggja til að fari í verndarflokk. Þessir virkjanakostir eru í jaðri Fjallabakssvæðisins og Vatnajökulsþjóðgarðs en þarna liggja mikil tækifæri til uppbyggingar ferðaþjónustu, sér í lagi hvað varðar fjölbreytni og er t.d. Torfajökulssvæði ákjósanlegt hvað það varðar. Með mikilli röskun á landi og ásýnd þess, með tilkomu mikilla mannvirkja sem bera straum, eru hugmyndir um uppbyggingu ferðaþjónustu á þessu svæði takmarkaðar. Þess ber að geta að engar rannsóknir hafa verið gerðar hvað varðar ferðaþjónustu á hálendinu og ljóst að rannsóknir á þessu sviði eru nauðsynlegar til að geta metið þá kosti sem til staðar eru. Eins má nefna Hveravelli sem nú eru í biðflokk en ættu að öllu eðlilegu að vera í verndarflokki enda vinsæll ferðamannastaður til áratuga. Að auki benda samtökin á nauðsyn þess að virkjanakostir í Skagafirði verði settir í verndarflokk en þarna er verið að tala um Skatastaðavirkjun B og C ásamt Villinganesvirkjun. Í Skagafirði er nú þegar stunduð umfangsmikil ferðaþjónusta og mikil tækifæri eru til staðar sem glatast, verði ráðist í virkjanaframkvæmdir á svæðinu.

Eins mótmæla samtökin að Fljótshnúksvirkjun og Búðartunguvirkjun séu settar í biðflokk í stað verndarflokks. Ljóst er að virkjun í Hvítá getur haft áhrif á rennsli í Gullfoss og vatnsborð Hvítárvatns en á því eru hafnar siglingar með ferðamenn. Eins er virkjun í Skjálfanda umdeild svo ekki sé meira sagt og rétt að setja svæðið í verndarflokk.

Það er skoðun SAF að horfa verði á náttúruauðlindina á mun víðari grunni en gert hefur verið hingað til og stefna þannig að því að ná saman skipulagi sem horfi til langtíamarkmiða við nýtingu og verndun íslenskrar náttúru.

Virðingarfyllst



---

Samtök ferðaþjónustunnar  
Gunnar Valur Sveinsson